

**21. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 9. apríl 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Björn Arnaldsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

Kristinn fór yfir það að síðasti dagur Ragnars í vinnu var í lok mars, en hann mun áfram sinna byggingarfulltrúastarfinu í verktöku á meðan þarf. Smári Lúðvíksson kemur til starfa í byrjun júní.

**1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

- a. Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að setja upp allan búnað vegna öryggismála en uppsetning á eftirlitsmyndavélum er eftir.
- b. Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c. Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa ofan af allri núverandi bryggju og hækka. Unnið er við dekkklæðningu, undirstöður fyrir löndunarkrana og uppsetningu á vatns og raflögnum.
- d. Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.
- e. Verið er að vinna við hönnun vegna framkvæmda við sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi, en hönnun við sjóvörn á Barðastöðum Staðarsveit er lokið.
- f. Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.
- g. Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarik og Milu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.
- h. Verið er að vinna við lagfæringar innanhúss í hafnarhúsinu á Arnarstapa, verið er að mála, skipta um innihurðir o.fl.

**2) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a) Skipt um gólfefni á herbergi 206 á Jaðri og málað.
- b) Máluð og lagfærð íbúð 1h.h. Engihlíð 20
- c) Langt komið að gera við og mála íbúð 2h.v. Engihlíð 20.
- d) Ýmislegt annað smærra gert.

BA.  
MPG  
Orna  
Vagn

### **3) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

#### **Sundlaug Ólafsvík.**

- Endurnýjuð dæla við kyndingu á heitum potti B
- Ný heitgasdæla sett við varmadælu 2
- Ný segl voru sett á heitu potta A og B
- Bekkur í sauna var lagaður
- Settir nýir rofar í hurð út í sundlaugargarð
- Lamir lagaðar í hurð út í sundlaugargarð
- Síur hreinsaðar og lokar lagaðir
- Lokið var við að leggja allar lagnir innahús fyrir rennibraut aðeins eftir að tengja tvær límingar úti. Verður farið í það um leið og lofthiti hækkar.

#### **Íþróttahús Ólafsvík**

- Þakið yfir anddyrinu fór að leka, en vatn kemur út um rör. Það þarf að finna út úr þessu um leið og farið verður í þakið í sumar.
- Hurð var lögud við neðri innganginn. Hurðar eru orðnar slitnar.
- Hurðastoppari lagaður ásamt öðrum smálagfæringum í húsinu.
- Snjór mokaður af þakinu.

#### **Völlurinn**

- Hliðið inn á völinn var lagað

#### **Tölvumál & slökkvilið**

- Tölvur í grunnskólanum undirbúnar fyrir cloud-only.
- Tölvurnar aftengdar af AD sync af gamla netþjóninum og gerðar cloud-only.
- Tölvur settar upp aftur o.fl.
- Í leikskóla voru tölvur persónuverndarvæddar og enduruppsettar fyrir skýjaumhverfi.
- Búið er að halda tvær æfingar í slökkviliðinu frá síðasta fundi og jafnframt komin tvö útköll.

### **4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólmannvirkjum:**

#### **Grunnskólahúsnaðið í Ólafsvík**

- Mikil almenn vinna í kringum skólann í mánuðinum.
- Í kjallaranum er kominn vatnshitablásari og hitamál eru komin í lag. Það verður notkunarbreyting á rýminu og þá verður jafnframt hægt að nota þar viftu sem búið er að setja upp. Kjarnabora þarf á norðurvegginn til að koma fyrir útblástursviftu í ljósritunarherbergi.
- Stigagangur og íbúð uppi hefur verið tekið í gegn og kemur framkvæmdin vel út.
- Vagn vakti máls á framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru við grunnskólann í Ólafsvík í sumar, þ.e.a.s. múrviðgerðum og málningu utanhúss. Lagði hann áherslu á að það yrði að vinna hratt og vel til að það mætti gerast sem fyrst.

Vagn *[Signature]*  
Oma MPG *[Signature]*  
BJ. *[Signature]*



**5) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**


- a. Rifin niður girðing á leikskólanum í Ólafsvík, sett upp ný girðing og grafið fyrir nýja húsinu. Í uppgrafningu komu í ljós götufrárennsli og skólplagnir frá Engihlíðinni sem þurfti að færa.
- b. Sett inn vatnsinntak í Brúarholti 2a og byrjað að setja inntak að lóðarmörkum á Holtabrún 4.
- c. Rotþrær voru tæmdar og lagaðar á Arnarstapa.
- d. Gluggar rifnir úr í Ólafsbraut 23, hreinsaðir og endurkíttaðir.
- e. Mikill tími hefur farið í almenna vetrarþjónustu, hálkuvarnir og snjómokstur.
- f. 19. mars voru eftirtaldar götur hreinsaðar af snjó. Ólafsbrautin tekin að N1, Ennisbraut að Engihlíð, Engihlíðin að kirkjunni, allt Stekkjarholtið, öll Grundarbrautin, hálf Skipholtið og hálf Vallholtið, öll Túnbrekkan, öll Hábrekkan, Sandholtið og Þverholtið, hálf Skálholtið og hálf Lindarholtið. Þetta var tekið á 7 klukkutímum og 80-90 vörubílahlöss, eða um 1300 rúmmetrar af snjó, var sturtað í sjóinn. Þetta var mjög vel gert.
- g. Verið er að setja upp greiðslukerfi fyrir salernisgáminn á Arnarstapa.

**6) Kristinn fór yfir nokkur mál:**

- a) Byrjað er á gluggaskiptum í Ráðhúsinu og verður vonandi haldið áfram fljótlega.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. maí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:31



~~Boðar Arnarsson~~

Matthias Páll Gunnarsson

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson



Ólafur Þorvaldsson